



Embætti
landlæknis
Sóttvarnalæknir



COVID-19

Reglur varðandi framkvæmd æfinga og keppni Skautasamband Íslands

**ÁFRAM
ÍÞRÓTTIR!**

Fylgjum reglunum svo við getum haldið áfram að hittast og stunda íþróttir saman.

- Pössum nálgðarmörk þar sem það á við
- Virðum grímuskylduna
- Þvoum hendurnar reglulega og sóthreinsum
- Höldum okkur heima og fórum í skimun ef við fáum einkenni

Embætti landlæknis
Directorate of Health

Reglur þessar gilda frá og með 15. janúar 2022 og þar til
annað verður tilkynnt

Efnisyfirlit

1.	Markmið	3
2.	Grundvallarsmitgát	4
3.	Þrif	5
4.	Búnaður	5
5.	Búningsklefar og almenn umgengni	5
6.	Áhorfendur	6
7.	Loftræsting	6
8.	Veitingar	6
9.	Gátlisti fyrir æfingar	6
10.	Gátlisti fyrir keppnir/mót	6
11.	Fjölmíðlar	7
12.	Sóttvarnarfulltrúi	7
13.	Ef grunur um veikindi	8
14.	Daglegt líf utan æfinga og keppni	8
15.	Ef eitthvað er óljóst	8
16.	Frekari upplýsingar um COVID-19	9
17.	Viðaukar (lög, reglugerðir og annað)	10

1. Markmið

Mikilvægasta vopn samfélagsins gegn COVID-19 eru þær almennu sóttvarnaraðgerðir sem sóttvarnalæknir, embætti landlæknis og almannavarnir hafa kynnt ítarlega.

Markmiðið er að lágmarka áhættuna á að þátttakendur (iðkendur, starfsmenn félaga og allt annað aðstoðarfólk) smitist af COVID-19. Markmiðið er jafnframt og ekki síður að lágmarka smit til annarra, ef einstaklingur innan félags sýkist þrátt fyrir fyrirbyggjandi aðgerðir. Mikilvægt er að öllum iðkendum og aðstoðarfólki sé gert það ljóst að ekki er hægt að útrýma sýkingarhættu að öllu leyti.

Reglur þessar öðlast gildi 15. janúar og gilda til og með 2. febrúar 2022 eða þar til breyting verður á reglugerð heilbrigðisráðherra frá 14. janúar 2022 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

Æfingar og keppni eru heimilaðar með þeim takmörkunum sem reglur þessar setja.

Þátttakandi sem sýkst hefur þarf eins og aðrir að halda sig í einangrun eftir því sem COVID göngudeild segir til um en almennt þar til að liðnir eru 7 dagar frá greiningu/jákvæðu sýni (greiningarprófi). Læknar Covid göngudeildar lengt einangrun á grundvelli læknisfræðilegs mats. Áður en að íþróttamaður getur hafið æfingar á ný þarf einnig mat læknis til staðfestingar á að viðkomandi sé fær á æfingar. Aðrir íþróttamenn og starfsmenn hlutaðeigandi félags og aðrir aðilar geta þurft að fara í sóttkví (sóttkví er 14 dagar en hægt að stytta í 5 daga með PCR sýnatöku) eða smitgát (sem lýkur ef hraðgreiningapróf á 1sta og 4ja degi smitgátar eru neikvæð). Iðkendum sem hafa veikst af COVID-19 er uppálagt að ná fullum bata áður en farið er af stað í æfingar og keppni.

Sérstakar reglur um sóttkví þríbólusetta, eða tvíbólusetta sem hafa smitast af COVID-19:

Þann 7. janúar tóku sérstakar reglur um sóttkví vegna COVID-19. Þeim einstaklingum sem gert hefur verið að sæta sóttkví en hafa fengið þrjá skammta af bóluefni gegn COVID-19, eða hafa smitast af COVID-19 og verið bólusettir með tveimur skömmum af bóluefni gegn COVID-19 þurfa ekki að viðhafa fullan aðskilnað við aðra á meðan sóttkví þeirra stendur. Bóluefni þarf að vera viðurkennt af Lyfjastofnun og þriðji skammtur (eða annar skammtur hjá þeim sem hafa smitast af COVID-19) hafa verið gefinn fyrir a.m.k. 14 dögum. Í sóttkví þessara einstaklinga felst takmörkun á athafnafrelsi í 5 daga eftir útsetningu smits sem eru rýmri en annars og m.a. má sækja vinnu eða skóla þótt þar séu fleiri komnir saman en 10 manns þó hvorki megi fara á mannamót né aðra staði þar sem fleiri koma saman heldur en 10 manns. Þá gilda aðrar takmarkanir sem má finna í Leiðbeiningum um sóttkví.

Þessar reglur sem hér eru settar ná til keppnissvæða, æfingaaðstöðu, búningsaðstöðu, ferðalaga og síðast en ekki síst til mikilvægi almennrar aðgæslu allra þátttakenda.

Reglur þessar fela m.a. í sér leiðbeiningar um almenna sótthreinsun búningsklefa og búnaðar sem notaður er í keppni og á æfingum. Jafnframt er hér fjallað um ráðstafanir sem nauðsynlegar eru varðandi nálægðarmörk innan einstakra hópa, t.d. íþróttafólks, þjálfara og dómarar.

Gæta skal þess að þessum reglum sé fylgt í hvívetna.

2. Grundvallarsmitgát

- Enginn skyldi mæta á æfingu eða til keppni með einkenni sjúkdóms og hvatt er til sýnatöku.
- Almennar fjöldatakmarkanir miðast við 10 manns.
- Á æfingum og í keppnum er heimilt að hafa 50 manns í hverju rými.
- Huga skal að loftræstingu og lofta út reglulega með því að opna hurðir og glugga.
- Tíð handhreinsun, þ.e. handþvottur eða notkun handspritts.
- Gæta hreinlætis við hósta og hnerra með því að halda fyrir vitin á meðan hóstað er með bréfþurrku, sem er hent strax að lokinni notkun í rusl og hendur hreinsaðar á eftir. Annars hósta og hnerra í olnbogabót.
- Vönduð þrif og sótthreinsun á sameiginlegum snertiflötum og búnaði.
- Forðast sameiginlega snertifleti á fjölförnum stöðum.
- Sameiginleg áhöld skulu sótthreinsuð á milli hópa.
- Í búningsaðstöðu og annarri aðstöðu skal þrífa reglulega og snertifletir sótthreinsaðir milli hópa.
- Forðast snertingu, t.d. handarband, kossa, faðmlög eins og kostur er.
- Skylt er að nota grímur þar sem ekki er hægt að tryggja 2 metra nálægðartakmörk. Grímuskylda á ekki við um íþróttaiðkunina sjálfa.
- Nálægðartakmörkun gildir ekki um börn fædd 2016 og síðar. Grímuskylda gildir ekki um börn fædd 2006 og síðar.
- Undanþegnir grímuskyldu eru einnig þeir einstaklingar sem hafa ekki skilning eða þroska til að nota andlitsgrímu rétt eða geta það ekki af öðrum ástæðum, svo sem vegna heilsufars.
- Ef foreldrar fylgja börnum inn í rými skulu þeir virða 2 metra nálægðarmörk við ótengd börn og aðra fullorðna og bera andlitsgrímu.

Einkenni COVID-19, geta verið eftirfarandi:	Ef íþróttamaður eða annar einstaklingur innan félags, eða fjölskyldur þeirra, fær einkenni sem geta bent til COVID-19:
<ul style="list-style-type: none"> • Hiti • Hósti • Andþyngsli • Hálssærindi • Höfuðverkur • Slappleiki • Bein- og vöðvaverkir • Skyndileg breyting eða tap á bragð- og lyktarskyni • Kviðverkir, niðurgangur 	<ul style="list-style-type: none"> • Viðkomandi skal halda sig heima og alls ekki mæta á æfinga- eða keppnissvæði. • Hægt er að panta COVID-19 PCR einkennasýnatöku á heilsuvera.is gegnum „Mínar síður” eða gegnum netspjall. Annars skal hafa samband símleiðis við heilsugæsluna eða utan dagvinnu við Læknavaktina í síma 1700. • Það er mjög mikilvægt að fara ekki í eigin persónu á heilsugæslu eða Læknavaktina án þess að hringja fyrst. • Heilbrigðisstarfsfólk veitir ráðleggingar um næstu skref ef þarf.

3. Þrif

Umhverfi skal þrifið vandlega því smitefnið frá þeim sem eru hugsanlega sýktir getur borist á yfirborð í umhverfinu. Einnig er margt annað smitefni sem getur borist milli manna og því er mikilvægt að allir gæti að hreinlæti. Sameiginleg rými, snertifletir og salerni skulu þrifin helst tvívar á dag en a.m.k. daglega (umhverfisspritt 85%, bleikiklórblanda 500-1000 ppm, Virkon 1%). Auk þess skal minna almenning og starfsmenn á einstaklingsbundnar sóttvarnir, svo sem munnlega, með merkingum eða skiltum. Við alla innganga skal tryggja aðgang að sótthreinsandi vöka fyrir hendur og eins víða um rými og talin er þörf á.

4. Búnaður

Búnaður telst vera allur sað búnaður sem notaður er af íþróttafólk eða starfsliði. Á það við um allt sem er notað á æfingu eða í keppni, hvort sem búnaður/áhald fer á milli einstaklinga eða er gólfastur. Innan þess falla til dæmis boltar, keilur, vesti, brúsar og allur annar sað búnaður sem notaður er til þjálfunar eða er sameiginlegur milli íþróttafólks. Þátttakendur geta haft með sér drykkjarföng (varast skyldi að deila drykkjarföngum) og annan búnað ef það á við og skal þá slíkur búnaður aðeins notaður fyrir einstaklinginn. Mælt er með að merkja búnað s.s. vatnsbrúsa.

5. Búningsklefar og almenn umgengni

Búningsaðstaða skal þrifin reglulega og snertifletir sótthreinsaðir milli hópa. Sótthreinsa skal sameiginleg áhöld á milli hópa og huga þarf að loftræstingu og lofta vel út.

6. Áhorfendur

Óheimilt er að hafa áhorfendur á íþróttaviðburðum. Þó er heimilt að hafa fjölmíðlafólk og gilda þá almennar fjöldatakmarkanir sem miðast við 10 manns í rými, 2 metra reglu og grímuskyldu ef ekki er hægt að tryggja 2 metra nálægðarmörk.

Við skipulag á íþróttaviðburðum ber að fylgja leiðbeiningum um rými frá embætti landslæknis. Sjá [hér](#).

7. Loftræsting

Sjá upplýsingar og leiðbeiningar um loftræstingu [hér](#) á vef embættis landlæknis.

8. Veitingar

Óheimilt er að selja og/eða bjóða upp á veitingar. Óæskilegt er að deila drykkjarílátum eða mataráhöldum með öðrum einstaklingum. Vatnsbrúsar og önnur drykkjarílát eiga að vera merkt.

9. Gátlisti fyrir æfingar

- Páttakendur
- Svæðaskipting (hólfaskipting)
- Búnaður
- Framkvæmd æfingar
- Sótthreinsun tækja og búnaðar

- Hámarksfjöldi páttakenda í hverju rými á æfingu er 50 manns.
- Umgengni í hverju hólfí skal vera í samræmi við leiðbeiningar sóttvarnalæknis þar að lútandi svo koma megi í veg fyrir blöndun milli hólfra.
- Páttakendur skulu spritta hendur fyrir og eftir æfingar.
- Sameiginlegir snertifletir skulu sótthreinsaðir á milli æfinga og/eða funda.

10. Gátlisti fyrir keppnir/mót/próf

- Ferðir til og frá keppnisstað
 - Koma á keppnisstað
 - Páttakendur
 - Framkvæmd keppni
 - Sótthreinsun tækja og búnaðar
 - Svæðaskipting
 - Upplýsingagjöf
-
- Leitast skal við að skipta íþróttahúsi upp í eftirfarandi svæði eins og hægt er og skal enginn samgangur vera milli svæða ef skipt er upp í rými vegna fjöldatakmarkana:

- Keppnissvæði: Skautasvell og öryggissvæði, búningsklefar og gönguleiðir þar á milli.
 - Aðgang hafa þátttakendur móts, þjálfarar, liðsstjórar, dómarar, hliðverðir og mótsstjóri.
- Ytra svæði: Annað svæði íþróttahúss en keppnissvæði.
 - Aðgang hafa fjölmíðlar, öryggisgæsla og aðrir sem hafa heimild til að vera á svæðinu á meðan keppni stendur. Virða skal 2 metra nálægðarmörk og fjöldatakmörkun.
- Viðtalssvæði: Skilgreint svæði fyrir viðtöl.
 - Aðgang hafa fjölmíðlar, íþróttamenn og þjálfarar. Virða skal að 2 metra nálægðartakmörk.
- Hámarksfjöldi þátttakenda á hverju keppnissvæði er 50 manns.
- Starfsmenn skulu í öllum tilfellum halda minnst 2 metra fjarlægð frá þátttakendum og öðrum starfsmönnum, sé það ekki framkvæmanlegt skal starfsfólk bera andlitsgrímur. Almennt er mælt með grímunotkun innandyra fyrir starfsmenn.
- Sameiginlegir snertifletir skulu sótthreinsaðir milli hópa.
- Ávallt skal fylgja leiðbeiningum frá mótshaldara/prófstjóra hverju sinni.

11. Fjölmíðlar

Starfsmönnum fjölmíðla ber að kynna sér sóttvarnaraðgerðir á sínu vinnusvæði á hverju íþróttasvæði. Sóttvarnarfulltrúi er ábyrgur fyrir því að fjölmíðlar hafi aðgang að upplýsingum sem þeir þurfa til að geta fylgt þeim reglum sem hér eru settar og hvernig þær eru útfærðar á hverju mótssvæði.

Starfsmönnum fjölmíðla ber að hafa samband við ábyrgðaraðila tímanlega fyrir hvert móti og óska eftir að fá aðgang. Sé skipt upp í rými vegna fjöldatakmarkana á svæðinu skal vinnuaðstaða fjölmíðla skilgreind. Sóttvarnarfulltrúi ber ábyrgð á að tryggja aðgengi að aðstöðunni og þegar þangað er komið eiga starfsmenn fjölmíðla að halda sig þar þangað til íþróttaviðburði er lokið og forðast almennt svæði áhorfenda.

Sé skipt upp í rými vegna fjöldatakmarkana skulu ljósmyndarar hafa aðgang að ákveðnu afmörkuðu svæði. Tryggja skal að leiðir ljósmyndara og keppenda skarist ekki þegar komið er inn í íþróttahúsið.

Starfsmenn fjölmíðla og þau sem koma í viðtal skulu virða 2 metra nálægðarmörk.

Fjölmíðum ber að tryggja að starfsmenn á þeirra vegum hafi ekki sýnt nein einkenni COVID-19 þegar þeir koma til starfa.

12. Sóttvarnarfulltrúi

Hvert félag skal skipa sérstakan sóttvarnafulltrúa sem ber ábyrgð á því að farið sé eftir þeim reglum sem nefndar eru í þessu skjali. Það er jafnframt á ábyrgð sóttvarnafulltrúa að tryggja að allir aðilar viðkomandi félags séu meðvitaðir um þessar reglur. Sóttvarnafulltrúi skal tryggja að iðkendur, þjálfarar og allt annað aðstoðarfólk og starfsmenn þekki til almennra sóttvarnaraðgerða og að þeim sé fylgt. Sóttvarnafulltrúi ber einnig ábyrgð á því að allir fyrrnefndir aðilar þekki til helstu einkenna COVID-19. Iðkandi eða aðstoðarfólk, sem finnur fyrir einkennum, er óheimilt að umgangast liðsfélaga sína eða annað aðstoðarfólk og

skal tafarlaust fara í sýnatöku vegna COVID-19. Ef sýni er neikvætt skal viðkomandi hafa samráð við sóttvarnafulltrúa eða þjálfara áður en komið er aftur á æfingasvæði. Sóttvarnarfulltrúa ber að tryggja að þessu sé fylgt án nokkurra undantekninga. Sérsambönd skulu birta lista yfir sóttvarnafulltrúa félags/viðburðar.

13. Ef grunur um veikindi

Hægt er að panta COVID-19 PCR einkennasýnatöku á heilsuvera.is, með rafrænum skilríkjum eða gegnum netspjall. Ef þig grunar að þú sért með smit ættirðu að fara án tafar í PCR sýnatöku og helst halda þig heima þar til niðurstaða fæst. Ef þarf skaltu fá ráð símleiðis hjá heilsugæslunni þinni eða í gegnum netspjall á heilsuvera.is, eða utan dagvinnutíma hjá Læknavaktinni í síma 1700. Ekki á að fara í eigin persónu á læknavakt eða heilsugæslu án þess að hafa samband símleiðis eða í gegnum netspjall. Í neyð skal hrингja í 112.

Ef einkenni eru til staðar skyldi ekki nota hraðpróf til að útiloka að veikindi séu vegna COVID-19. Þá er skilt að staðfesta jákvætt hraðpróf með PCR prófi og halda sig í einangrun þar til niðurstaða PCR prófs liggur fyrir.

Ef þig grunar að einhver í þínu nærumhverfi sé smitaður/smituð ættirðu að gæta þess að eiga ekki í nánu samneyti við viðkomandi. Ráðleggið viðkomandi að fara sem fyrst í COVID-19 PCR próf eða hafa samband við heilsugæsluna eða Læknavaktina til að fá ráð.

14. Daglegt líf utan æfinga og keppni

Allir þurfa að kynna sér vel þær reglur sem eru í gildi í samfélaginu um takmarkanir á samkomum og huga sérstaklega að persónulegum sóttvörnum.

Iðkendur, þjálfarar, dómarar eða annað aðstoðarfólk sem á erindi á fjölmenna staði skal virða 2 metra nálgæðarmörk við aðra ótengda einstaklinga. Þar sem ekki er hægt að viðhafa 2 metra fjarlægð frá ótengdum aðilum skal nota andlitsgrímu.

Iðkendur, þjálfarar, dómarar og annað aðstoðarfólk skal gæta að almennum sóttvörnum (2 metra nálgæðarmörk, handhreinsun, sótthreinsun og loftræstingu) á heimilum sínum, á vinnustað og hvor sem þeir eru á meðal fólks. Ef einstaklingur innan heimilis þessara aðila fær einhver einkenni sem bent geta til COVID-19 ætti viðkomandi án tafar að einangra sig þar til niðurstaða PCR sýnatöku liggur fyrir. Íþróttamaður sem sýkst hefur þarf eins og aðrir að halda sig í einangrun í almennt 7 daga frá greiningu (jákvæðu PCR prófi). Læknar COVID göngudeildar geta lengt einangrun ef þarf skv. læknisfræðilegu mati. Áður en íþróttamaður getur hafið æfingar og keppni á ný þarf mat læknis til staðfestingar á að viðkomandi sé æfinga- og keppnisfær samkvæmt fyrirliggjandi leiðbeiningum. Annað íþróttafólk og starfsfólk hlutaðeigandi félags geta þurft að fara í sóttkví (sóttkví er 14 dagar en hægt að styttu í 5 daga með neikvæðu PCR prófi) eða smitgát eftir atvikum (sbr. að ofan).

15. Ef eitthvað er óljóst

Ábyrgðaraðili þessara leiðbeiningar er:

Svava Hróðný Jónsdóttir

info@iceskate.is

+41 78 408 5231

Sóttvarnarfulltrúi Skautasambands Íslands er:

Heiða Ingimarsdóttir

info@iceskate.is

514 40 74

16. Frekari upplýsingar um COVID-19

- landlaeknir.is
- covid.is
 - <https://www.covid.is/kynningarefni>

17. Viðaukar (lög, reglugerðir og annað)

Reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar útgefin 14. janúar 2022:

<https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymsarskrar/Undirrituð%20reglugerð%20frá%2015.%20janúar%202022.pdf>

Minnisblað sóttvarnarlæknis frá 13. janúar 2022 vegna samkomutakmarkana:

<https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymsarskrar/Minnisblad%20svl.-innanlands-13012022.pdf>

Sýkingavarnir og þrif:

<https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item43086/COVID-19%C3%BDkingavarnir%20og%C3%BErif%2014.09.2020.pdf>

Loftræsting og COVID 19:

<https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item43358/Loftr%C3%A6sting%20og%20Covid-19%2013.10.pdf>

Leiðbeiningar um notkun á andlitsgrínum:

[https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item42254/HI%C3%BDf%C3%BDargr%C3%A1Dmur_lei%C3%B0beiningar_08.09.2020.pdf](https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item42254/HI%C3%ADf%C3%BDargr%C3%A1Dmur_lei%C3%B0beiningar_08.09.2020.pdf)

Leiðbeiningar um rými utanhúss og innandyra vegna COVID-19:

<https://www.landlaeknir.is/um-embaettid/greinar/grein/item43695/Leidbeiningar-um-rymi-utanhus-og-innandyra-vegna-COVID-19->

Umsóknir og gátlisti vegna vinnusóttkví:

<https://www.landlaeknir.is/koronaveira/upplysingar-vegna-ferdalaga/>